

Sæl öll – sent 20.janúar 2022

Töflubreytingum lauk fyrir viku og vonandi eruð þið öll í þeim áföngum sem þið stefnið á að taka á þessari vorönn og komin á fullt í náminu.

Skv. skóladagatalinu er föstudagurinn 21. janúar, síðasti dagur til að skrá sig úr áfanga, án þess að það komi fram á námsferli eða teljist sem seta í áfanga.

Ég vil líka minna ykkur á fínu aðstöðuna í námsverinu og ráðgjöfina sem náms- og starfsráðgjafar geta veitt ykkur ef þið leitið til þeirra.

Gangi ykkur sem best.

kv Helga konrektor